

Landskjörstjórn og ný kosningalög nr. 112/2021

Kynningarfundur landskjörstjórnar, sambands íslenskra sveitarfélaga og
dómsmálaráðuneytisins

31. mars 2022

Dagskrá

Landskjörstjórn

- Utankjörfundargögn – breytingar
- Kosningaskýrslur Hagstofu Íslands

Þjóðskrá Íslands

- Útgáfa kjörskrár
- Meðmælendakerfi

Félags- og vinnumálaráðuneytið

- Aðbúnaður og viðmót við framkvæmd kosninga

Tímalína kosninga

Sveitarstjórnarkosningar 2022

Tímalína kosninganna sbr. [kosningalög nr. 112/2021](#)



Kjördagur



LANDSKJÖRSTJÓRN

Reglugerðir & reglur

1. Reglugerð um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar nr. 330/2022.
2. Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá.
3. Reglugerð um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar.
4. Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum.
5. Reglugerð um talningu atkvæða o.fl.
6. Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu.
7. Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar.
8. Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu.
9. Aðrar leiðbeiningar gefnar út af landskjörstjórn og Þjóðskrá Íslands.

Breytingar á utankjörfundargögnum

- Atkvæðaseðill, atkvæðaðumslag, fylgibréf og sendiumslag
- Fylgibréf
 - Texti á fylgibréfi breytist vegna breyttra ákvæða um aðstoð
- Sendiumslag – framhlið
 - Sendiumslag er áritað til kjörstjórnar í sveitarfélagi – ekki til sýslumanns.
- Sendiumslag bakhlið
 - Kennitala kjósenda er einu persónuupplýsingarnar
 - Strikamerki inniheldur kennitölu
 - Bakhlið árituð með upplýsingum um sveitarfélag auk númers á kjörstað og kjördeild sem eru upplýsingar sem koma úr kjörskrá (kjördeildakerfi sveitarfélaga).

Framhlið sendiumslags

Til kjörstjórnarinnar í

Sveitarfélag

Póstnúmer Póstumdæmi

Berist á skrifstofu sveitarstjórnar í sveitarfélaginu

Innihald: kjörseðill við ☐ alþingiskosningar ☐ sveitarstjórnarkosningar ☐ forsetakjör ☐ aðrar kosningar

Bakhlið sendiumslags

2508333269

Kennitala

Reykjavík suður - 9 / 3

Sveitarfélag



2508333269

Hagstofa Íslands

- Gagnasöfnun Hagstofu Íslands verður með svipuðu móti og verið hefur:
 - Tölur um kjörsókn
 - Tölur um aðstoð við atkvæðagreiðslu
- Senda eyðublöð og leiðbeiningar til sýslumanna vegna aðstoðar við kosningu utankjörfundar um viku áður en hún getur hafist.
- Í byrjun maí verður haft samband við kjörstjórnir og gagnasending nokkru síðar.

Skönnun stafrænna ökuskírteina

- Símar útvegaðir frá Stafrænu Íslandi til að hægt sé að lesa og skanna ökuskírteini.
- Þarf að vera góð farsímatenging á kjörstöðum annars þarf að nota þráðlaust net.
- Símar verða sendir/afhentir með veggspjöldum – öðrum kjörgögnum.
- Miðlæg uppfærsla símtækja og hugbúnaðar.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

LANDSKJÖRSTJÓRN

Aðstoð – skilyrði aðstoðar

- Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim sem aðstoðina veitir hvernig hann vill greiða atkvæði. Skilja verður ákvæði kosningalaga með þeim hætti að aðstoðarmaður geti gert kjörstjóra eða kjörstjórn grein fyrir því að kjósandi óski þess að hann veiti viðkomandi aðstoð.
- Gert er ráð fyrir því að við framkvæmd aðstoðar skuli kjósanda sýnd sú nærgætni, lipurð og virðing sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni. Skal kjörstjóri eða kjörstjórn tryggja að kosningin sé leynileg svo sem með því að stöðva kosningu eða loka kjörfundarstofu á meðan atkvæðagreiðslu með aðstoð stendur.
- Aðstoðarmaður skal undirrita yfirlýsingu þar sem honum er leiðbeint um ábyrgð sína sem aðstoðarmaður og hann staðfestir hæfi sitt til að vera aðstoðarmaður. Yfirlýsingin verður aðgengileg á kosningavefnum og skal kjörstjóri varðveita hana.

FÉLAGS- OG VINNUMÁLARÁÐUNEYTI

FYRIRSPURNIR

Kosning utan kjörfundar – kjörstaðir

- Sýslumenn eru kjörstjórar, hver í sínu umdæmi og ákveða þeir hverjir skulu vera kjörstjórar í umboði þeirra. Ákvörðun um kjörstaði, t.d. hreyfanlegan kjörstað er því hjá viðkomandi sýslumanni. Með hreyfanlegum kjörstað er t.d. átt við það að utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram í sérútbúinni rútu sem fari á tilgreinda staði í sveitarfélagi.
- Kosning í heimahúsi. Framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu er í höndum kjörstjóra. Unnið er að gerð reglugerðar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í heimahúsum.

Framboð

- Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga annast auglýsingar skv. reglugerð nr. 330/2022 um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar.
- Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundi landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags um framboðslista eftir að framboðsfrestur rennur út, sbr. 44. gr. Sú spurning hefur komið upp hvort þetta varði ekki örugglega einungis fundi yfirkjörstjórnar um framboðslistann, sbr. einnig 54. gr. um fundi um gildi framboða? Þ.e. að umboðsmenn hafa ekki rétt á að vera viðstaddir alla fundi sem yfirkjörstjórn mun halda eftir úrskurð um gildi framboða og fram að kjördegi?
- Upplýsingar um kjörgengi einstaklings, þ.e. að því er varðar óflekkað mannorð. Ekki miðlæg skrá um þetta. Upplýsingar sem frambjóðandi verður sjálfur að staðfesta.


Hæfisreglur, 18. gr.

Kjörstjórnarmaður, sbr. 15. gr., og fulltrúi í landskjörstjórn skal víkja úr kjörstjórn ef einstaklingur er í kjöri sem er eða hefur verið:

- maki hans, sambúðarmaki, fyrrverandi sambúðarmaki eða
- skyldur eða mægður honum í beinan legg eða
- skyldur eða mægður honum að öðrum lið til hliðar eða
- tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

Margar fyrirspurnir um þessa reglu.

Vanhæfi



Bláu reitirnir sýna vanhæfi í beinan legg og að fyrsta lið til hliðar, sbr. orðalag 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Gráu reitirnir sýna dæmi um vanhæfi að öðrum lið til hliðar sem veldur ekki vanhæfi skv. 1. mgr. 20. gr. en getur þó oft leitt til vanhæfis skv. 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæði bláu og gráu reitirnir valda vanhæfi skv, kosningalögum

18. gr. er breytt frá l. um kosningar til sveitarstjórna

Reglan var áður sú að eingöngu reyndi á hæfi kjörstjórnarmanna þegar mál komu til úrskurðar.

- Miklar efasemdir frá kjörstjórnnum um 18. gr. kosningalaga.
- Hefði þurft meiri umræðu að hæfisregla kosningalaga gangi lengra en 20. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Víða óhjákvæmilegt að a.m.k. hluti starfandi kjörstjórnarmanna þurfi að víkja vegna vanhæfis.

19. gr. gildir um röð varamanna og mögulegt að kalla inn fleiri:

- Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð boðar oddviti kjörstjórnarmenn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá, þar til hún er fullskipuð. Annars boðar kjörstjórn sjálf þann eða þá sem þarf til þess að talan verði fyllt.

Meðmælendur 39. gr.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skal vera sem hér segir:

- a. í sveitarfélagi með 101–500 íbúa 10 meðmælendur,
 - b. í sveitarfélagi með 501–2.000 íbúa 20 meðmælendur,
 - c. í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa 40 meðmælendur,
 - d. í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur,
 - e. í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.
- Kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu kosningar.
 - Frambjóðendur á lista geta ekki verið meðmælendur hans.
 - Kjörstjórnarfulltrúar geta ekki verið meðmælendur framboðslista.

Ýmis atriði

- Landskjörstjórn gefur út í handhægu broti helstu lög og reglugerðir sem kosningaframkvæmd varða og afhenda yfirkjörstjórnnum kjördæma og sveitarfélaga í nægilegu upplagi fyrir allar kjörstjórnir sem starfa í viðkomandi umdæmi, starfsmenn þeirra og umboðsmenn.
- Uppfærð útgáfa af kosningalögnum með innfærðum breytingum er aðgengileg á kosning.is
 - Unnið að enskri þýðingu laganna.
- Innsiglisborðar verða sendir með kosningaleiðbeiningum.
- Reglur um útstrikanir. Landskjörstjórn leitar leiða til að hafa til taks eða útvega reikniforrit til afnota fyrir sveitarfélög.

AÐ LOKUM



Næsti fundur: Nánar
auglýstur síðar



Kosningavefurinn,
kosning.is



Fyrirspurnir og
ábendingar
postur@lks.is